



Faghópur IV

Fundargerð 15. fundar, Orkustofnun 28. jan. 2010, kl. 15:30

Mættir: Guðni A. Jóhannesson, Agnar Olsen, Jakob Sigurður Friðriksson, Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Guðmundur Þóroddsson .

1. **Fundargerð** síðasta fundar var samþykkt berist ekki athugasemdir innan sólarhrings.
2. **Útreikningur á hagkvæmni virkjunarkosta á forræði Orkustofnunar.** Ómar fór yfir útreikninga sína og bar fram tillögur sínar um forsendur sem Orkustofnun skyldi fylgja við að reikna út hagkvæmni virkjunarkosta sem lúta forræði Orkustofnunar.
3. **Samþætting niðurstaðna faghópa III og IV.** Guðni sagði frá fundi sínum með Kjartani Ólafssyni, formanni faghóps III, þar sem þeir urðu ásáttir um aðferð til að samþætta röðun hópanna tveggja. Niðurstaðan var að hagkvæmniflokkar faghóps IV ráði meginröð en mat faghóps III skal ráða innbyrðis röðun innan hvera hagkvæmniflokks.
4. **Lokakönnun á lista yfir virkjunarkosti.** Lögð var áhersla á að meðlimir fari ítarlega yfir lokalista yfir virkjunarkosti til að komast fyrir villur og ónákvæmni. Þeir kostir þar sem hagkvæmni liggur á milli flokka 2 og 3 fá hagkvæmnistuðul 2,5.
5. **Uppkast að greinargerð faghóps IV.** Starfsmanni var falið að semja uppkast að greinargerð faghóps IV vegna kynningarskýrslu um niðurstöður faghópa.
6. **Næsti fundur** er óákveðinn en stefnt að því að ljúka starfi hópsins með óformlegum samskiptum.